



BÆN

Í bljúgri bæn og þökk til þín,
sem þekkir mig og verkin mín.
Ég leita þín, Guð leiddu mig
og lýstu mér um ævistig.

Ég reika oft á rangri leið,
sú rétta virðist aldrei greið.
Ég geri margt, sem miður fer,
og man svo sjaldan eftir þér.

Sú ein er bæn í brjósti mér,
ég betur kunni þjóna þér,
því veit mér feta veginn þinn,
að verðir þú æ Drottinn minn.

Pétur Þórarinnsson



FADIR VOR

Allt eins og blómstrið eina
upp vex á sléttri grund
fagurt með frjógvun hreina
fyrst um dags morgunstund,
á snöggu augabragði
af skorið verður fljótt,
lit og blöð niður lagði –
líf mannlegt endar skjótt.

MOLDUN

Ég lifi' í Jesú nafni,
í Jesú nafni' eg dey,
þó heilsa' og líf mér hafni
hræðist ég dauðann ei.
Dauði, ég óttast eigi
afl þitt né valdið gilt,
í Kristi krafti' eg segi:
Kom þú sæll þá þú vilt.

Sb. 1671 - Hallgrímur Pétursson



BLESSUN

EFTIRSPIL

Ég er kominn heim

Prestur: sr. Gunnar Stígur Reynisson
Organisti: Hrafnkell Karlsson
Kór: Samkór Hornafjarðar
Umsjón: Örn Arnarson og Albert Eymundsson

*Fjölskyldan þakkar auðsýndan hlýhug og vináttu
og býður kirkjugestum að þiggja veitingar í Mánagarði
að athöfn lokinni.*

Svarðís Hella



Guðbjörg Vilhjálmsdóttir



Fædd 24. janúar 1942

Dáin 21. maí 2025

*Útför frá Hafnarkirkju
fimmtudaginn 5. júní 2025*

FORSPIL

SIGNING OG BÆN

Ég leit eina lilju í holti, Hún lifði hjá steinum á mel. Svo blíð og svo björt og svo auðmjúk. En blettinn sinn prýddi hún vel.	Og þó að í vindunum visni á völlum og engjum hvert blóm, og haustvindar blási um heiðar með hörðum og deyðandi róm
--	---

Ég veit það er úti um engin mörg önnur sem glitrar og skín. Ég þræti ekki um litinn né ljómann. En liljan í holtinu er mín.	og veturinn komi með kulda og klaka og hriðar og snjó, hún lifir í hug mér sú lilja og líf hennar veitir mér fró.
--	--

Þessi lilja er mín lifandi trú. Þessi lilja er mín lifandi trú. Hún er ljós mitt og von mín og yndi. Þessi lilja er mín lifandi trú.	Þessi lilja er mín lifandi trú. Þessi lilja er mín lifandi trú. Hún er ljós mitt og von mín og yndi. Þessi lilja er mín lifandi trú.
---	---

Þorsteinn Gíslason

RITNINGARLESTUR

Hærra, minn Guð, til þín, hærra til þín,
enda þótt öll sé kross upphefðin mín.
Hljóma skal harpan mín:
:: Hærra, minn Guð, til þín, ::
hærra til þín.

Villist ég vinum frá vegmóður einn,
köld nóttin kringum mig, koddí minn steinn,
heilög skal heimvon mín.
:: Hærra, minn Guð, til þín, ::
hærra til þín.

Sofanda sýndu þá sólstigans braut
upp í þitt eilífa alföðurskaut.
Hljómi svo harpan mín:
:: Hærra, minn Guð, til þín, ::
hærra til þín.

Árla ég aftur rís ungur af beð.
Guðs hús á grýtttri braut glaður ég hleð.
Hver og ein hörmung mín hefur mig, Guð, til þín,
hærra, minn Guð, til þín,
hærra til þín.

Lyfti mér langt í hæð lukkunnar hjól,
hátt yfir stund og stað, stjörnur og sól,
hljómi samt harpan mín:
:: Hærra, minn Guð, til þín ::
hærra til þín!

Sarah F. Adams – Matthías Jochumsson

RITNINGARLESTUR

Þar sem englarnir syngja sefur þú,
sefur í djúpinu vera.
Við hin sem lifum, lifum í trú
að ljósið bjarta, skæra
:: veki þig með sól að morgni. ::

Drottinn, minn faðir, lífsins ljós,
lát náð þína skína svo blíða.
Minn styrkur þú ert, mín lífsins rós,
tak burt minn myrka kvíða.
:: Þú vekur hann með sól að morgni. ::

Faðir minn, láttu lífsins sól
lýsa upp sorgmætt hjarta.
Hjá þér ég finn frið og skjól.
Láttu svo ljósið þitt bjarta
:: vekja hann með sól að morgni. ::

Drottinn minn, réttu sorgmæddri sál
svala líknarhönd
og slökk þú hjartans harmabál,
slít sundur dauðans bönd.
:: Svo vaknar hann með sól að morgni. ::

Farðu í friði, vinur minn kær,
faðirinn mun þig geyma.
Um aldur og ævi þú verður mér nær,
aldrei ég skal þér gleyma.
:: Svo vöknum við með sól að morgni. ::

Bubbi Morthens

GUÐSPJALL

Sérhver draumur lifir aðeins eina nótt.
Sérhver alda rís en hnígur jafnan skjótt.
Hverju orði fylgir þögn – og þögnin hverfur allt of fljótt.

En þó að augnablikið aldrei fylli stund
skaltu eiga við það mikilvægan fund
því að tár sem þerrað burt – aldrei nær að græða grund.

Líttu sérhvert sólarlag,
sem þitt hinsta væri það.
Því morgni eftir orðinn dag
enginn gengur vísum að.

Þú veist að tímans köldu fjötra enginn flýr.
Enginn frá hans löngu glímu aftur snýr.
Því skaltu fanga þessa stund – því fegurðin í henni býr.

Líttu sérhvert sólarlag,
sem þitt hinsta væri það.
Því morgni eftir orðinn dag
enginn gengur vísum að.

Bragi Valdimar Skúllason

MINNINGARORÐ

Hún bar þig í heiminn og hjúfraði að sér.
Hún heitast þig elskaði og fyrirgaf þér.
Hún ætíð er skjól þitt, þinn skjöldur og hlíf
Hún er íslenska konan sem ól þig og þér helgar sitt líf

Með landnemum sigldi hún um svarrandi haf
Hún sefaði harma, hún vakti er hún svaf
Hún þerraði tárin hún þerraði blóð.
Hún var íslenska konan sem allt á að þakka vor þjóð.

Ó, hún var ambáttin hljóð
hún var ástkonan rjóð
hún var amma svo fróð.

Ó, athvarf umrenningsins
inntak hjálpraðisins
líkn frá kyni til kyns.

Hún þraukaði hallæri, hungur og fár.
Hún hjúkraði og stritaði gleðisnauð ár
Hún enn í dag fórna sér endalaust má.
Hún er íslenska konan sem gefur þér allt sem hún á.

Ó, hún er brúður sem skín
Hún er barnsmóðir þín.
Hún er björt sólarlýn.

Ó, hún er ást, hrein og tær
Hún er alvaldi kær.
Eins og Guðsmóðir skær.

Og loks þegar móðirin lögð er í mold
þá lýtur þú höfði og tár falla á fold.
Þú veist hver var skjól þitt, þinn skjöldur og hlíf
Það var íslenska konan sem ól þig og gaf þér sitt líf

En sólin hún hnígur og sólin hún rís.
Og sjá þér við hlið er þín hamingjudís,
sem ætíð er skjól þitt, þinn skjöldur og hlíf

Það er íslenska konan, tákn trúar og vonar, sem ann þér og
þér helgar sitt líf

Lag: Billy Joel / Texti: Ómar Ragnarsson